



Eineltisáætlun fyrir leikskólann Arnarberg

Markmið með eineltisáætlun er að gera starfsmenn leikskólans meðvitaðri um einelti og birtingarmyndir þess með það fyrir augum að vinna gegn því með öllum ráðum. Starfsmönnum ber að koma í veg fyrir aðstæður þar sem einelti getur þrífist með því að þekkja einkennin og taka strax á málum svo eineltið nái ekki fótfestu í leikskólanum hvorki á meðal barnanna né á meðal starfsmanna.

Hvað er einelti: Einelti er langvarandi ofbeldi, andlegt eða líkamlegt sem stýrt er af einstaklingi eða hópi og beinist gegn þeim sem ekki eru færir um að verja sig.

Birtingarform eineltis:

- Líkamlegt: barsmíðar, spörk, hrindingar, skemmdarverk, misnotkun ofl.
- Munnlegt: uppnefni, niðrandi athugasemdir, endurtekin stríðni ofl
- Óbeint: baktal, útskúfun eða útilokun úr félagahópi ofl.

Er einelti í leikskóla ?

Einelti getur átt sér stað í leikskóla eins og á öðrum skólastigum og fylgt barni áfram upp í grunnskóla ef ekkert er aðhafst. Á leikskólaárum er barnið að byrja að mynda vinatengsl. Það getur skipt sköpum að barnið nái að þroska þessi tengsl og fái hjálp til þess á meðan það er í leikskóla. Börn í leikskólum eru í öruggu umhverfi og því er kjörið að byrja að vinna geng einelti þar sem hópurinn er náinn. Auk þess eru tengsl starfsfólk við foreldra oft nánari en á öðrum skólastigum.

Forvarnarstarf mikilvægt

Dæmi um einelti á leikskóla má nefna að þegar verið er að skilja útundan og þegar börnin eru farin að tala illa og leiðinlega um leikfélagana. Forvarnarstarf eða fræðsla í leikskóla er talin vera góð aðferð til að fyrirbyggja einelti. Einnig þarf að vera með fyrirbyggjandi starf sem hjálpar tilvonandi þolendum að vera ákveðnum og sjálfsöruggum en jafnframt að kenna tilvonandi gerendum samskiptareglur og styrkja sjálfstraust þeirra. Þriðja hópnum sem eru áhorfendur þarf að virkja sem samfélagsþegna. Börn þurfa að læra að taka ábyrgð á sjálfum sér og virða náungann.

Einelti getur átt sér stað á milli:

- Barn/barn
- Starfsmaður/barn
- Starfsmaður/starfsmaður

Pegar upp kemur grunur um einelti frá starfsmönnum, foreldrum eða nemendum þá fer ákveðið ferli í gang:

- samráðsteymi (leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri) kemur á fundi með deildarstjóra viðkomandi deildar og í framhaldi af þeim fundi er rætt við allt starfsfólk á deildinni.
- fylgst er með bæði geranda og þolanda og skráning notuð, einnig er rætt við báða aðila.
- foreldrum gert viðvart, samstarfsfólki eða stjórnendum eftir því hvað við á

Einelti er staðreynd:

Í barnahópnum: Verði starfsmaður/ foreldri var við að barn sé lagt í einelti er brugðist við því tafarlaust og er það í höndum viðkomandi deildarstjóra sem ber ábyrgð á þessari vinnu í samráði við samráðsteymið. Fyrst ber að sjá til þess að öllum málsaðilum sé gerð grein fyrir að einelti verði ekki liðið og farið verði af stað til að útrýma því og bæta líðan þeirra sem málið varðar. Farið yfir mörk og samskipti með því að nota SMT samskiptaaðferðir og til þess er hægt að nota hlutverkaleik, lesa bækur og fleira. Skrá niður allt sem gert er og ef það verða fleiri atvik þá ber að skrá allt skilmerkilega.

Starfsmaður/ barn: Verði starfsmaður var við áreiti eða ámælisverðar uppeldisaðferðir gangvart barni ber að tilkynna það strax til leikskólastjóra. Leikskólastjóri ræðir strax við gerandann og leitar nánari upplýsinga og eftir eðli málsins veitir honum tiltal eða áminningu. Öll atvik af þessum toga eru skráð og geta varðað brottrekstri úr starfi.

Í starfsmannahópnum: verði starfsmenn varir við eineltisáreitni í starfsmannahópnum ber að bregðast við með því að tilkynna leikskólastjóra sem rannsakar málið. Starfsmenn eru allir ábyrgir varðandi greiningu og lausn eineltismála þó leikskólastjóri sé vissulega alltaf ábyrgur fyrir þeirri vinnu sem fer í gang varðandi eineltið. Starfsmenn eiga að vera jákvæðar fyrirmyndir, vanda orð sín og athafnir og bera virðingu fyrir tilfinningum og sérkennum annarra.

Verum vakandi og látum einelti ekki viðgangast í okkar leikskóla